



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2025
USK25090387

Ósk um heimild til útboðs vegna kaupa á sorphirðubílum

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að hefja útboðsferli til kaupa á tveim sorphirðubílum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið, sorphirðu.

Í fimm ára fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir 195 m.kr. til kaupa á sorphirðubílum árið 2026. Kostnaðaráætlun við fyrirhugað útboð, sem tekur mið af verði við kaup á tveim hirðubílum í maí sl., er 135 m.kr. Útboðsferlið og afhendingartími bílanna er 10-12 mánuðir.

Til reksturs sorphirðu í Reykjavík þarf 13 hirðubíla. Á undanförnum 3 árum hafa 10 hirðubílar borgarinnar verið endurnýjaðir. Hluti hirðunnar er því enn rekinn með eldri bílum sem eru allt að 11 ára gamlir, bilanagjarnir og hafa verið afskrifaðir.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
Skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík